

BORGARRÁÐ 17. janúar 2018: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi eyðingu á tölvupóstum hjá starfsmönnum Reykjavíkurborgar sem láta af störfum - R19010251

Borgarráð samþykkir að hætt verði eyðingu á tölvupóstum hjá starfsmönnum Reykjavíkurborgar sem láta af störfum á meðan skjalavistun er ekki komin í viðunandi horf hjá borginni. Reykjavíkurborg ber að gæta þess að gögn, skjöl og aðrar upplýsingar sem ekki hafa verið vistuð í skjalakerfum borgarinnar séu varðveitt. Óskað er eftir umsögn Innri endurskoðunar og Borgarskjalasafns vegna málsins. Ennfremur að UTD gefi umsögn um hvort nokkuð komi í veg fyrir að þetta verði gert.